

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**8. fundur 2023 (121. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 27.11.2023 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Gísli Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	utanríkisráðuneytið, öryggissvæðið

Gestur fundarins var Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í innviðaráðuneyti.

- 1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Viðræður við fulltrúa Isavia**  
Til fundarins mættu til viðræðna við skipulagsnefndina Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia, og Brynjar Vatnsdal, deildarstjóri þróunardeildar Isavia.

Umræður urðu um eftirfarandi atriði í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar:

- Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar.
  - Næsta flugbraut, forgangsröðun
  - Aðrar flugbrautir 7/25 og NA/SV braut. Vindur og veður, notkunarstuðlar.
  - Afísingarsvæði.
  - Innanlandsflugvöllur í Keflavík.
  - Almenningsamgöngur.
- 2. Nýtt efnisvinnslusvæði á vesturhluta skipulagssvæðis Keflavíkurflugvallar**  
Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir stöðu mála varðandi erindi Isavia til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar um nýtt efnisvinnslusvæði á vesturhluta flugvallarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlitið og Umhverfisstofnun hafa hafnað erindinum og telja að forsendur verði að vera fyrir hendi í aðal- eða deiliskipulagi til að unnt sé að verða við erindinu.

**3. Nýr göngustígur við Fálkavöll - framkvæmdaleyfi**

Skipulagsfulltrúi Keflavíkurlflugvallar hefur gefið út framkvæmdaleyfi vegna göngustígsins, dags. 18.10.2023.

**4. Niðurrif þriggja bygginga á skipulagssvæðinu**

Isavia óskar eftir með tölvupósti, dags. 10.11.2023, heimild til niðurrifs þriggja húsa: Arnarvöllur 3, Háaleitishlað 22 og svokallað Alert hús við ónefnda götu.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við niðurrifsáformin.

**5. Staðfesting á deiliskipulagsbreytingu. Austursvæði - Háaleitishlað**

Lögð var fram auglýsing úr B – deild Stjórnartíðinda, dags. 20.11.2023, varðandi staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Austursvæðis – Háaleitishlaðs. Nánar tiltekið fjallar breytingin um stækkun svæðisins, færslu á Þjóðbraut, stækkun lóðar Verne Global og staðsetningu nýrrar settjarnar.

**6. Aðaltorg Reykjanesbæ, óveruleg breyting á deiliskipulagi**

Undir þessum lið vék Guðlaugur H. Sigurjónsson af fundi.

Reykjanesbær óskar eftir umsögn um óverulega breytingu á aðalskipulagi fyrir landnotkunarreit M12. Byggingarmagn og notkun reitsins er óbreytt en umfang hans eykst úr 12,1 ha í 16,3 ha. Opið svæði OP9 minnkar samsvarandi.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

**7. Þróun Reykjanesbrautar milli Fitja og Flugstöðvar**

Lögð var fram fundargerð 1. fundar stýrihóps um þróun Reykjanesbrautar milli Fitja og Flugstöðvar sem haldinn var 21.11.2023. Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum Suðurnesjabæjar, Reykjanesbæjar, Isavia og Kadeco.

**8. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 18. desember 2023. Verður fundurinn haldinn í Flugstjónarmiðstöð ANS í Reykjavík og hefst væntanlega kl.10.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>